

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 126/2022

2022/EES/61/38

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/428 frá 10. mars 2021 um samþykkt staðlaðra gagnasniða fyrir framlagningu umsókna um samþykki eða breytingu á skilyrðum fyrir samþykki vegna virkra efna eins kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448 frá 3. september 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32021 R 1448:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448 frá 3. september 2021 (Stjtið. ESB L 313, 6.9. 2021, bls. 15).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13ZZZZZZZZZZ (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1191):

„13ZZZZZZZZZZa. **32021 R 0428:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/428 frá 10. mars 2021 um samþykkt staðlaðra gagnasniða fyrir framlagningu umsókna um samþykki eða breytingu á skilyrðum fyrir samþykki vegna virkra efna eins kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 25).

13ZZZZZZZZZZb. **32021 R 1448:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448 frá 3. september 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kalsíumkarbónati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 15).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 15.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/428 og (ESB) 2021/1448, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.